

Aðalfundur Foreldrafélags Lágafellsskóla (FFLS)

Haldinn þann 28. október 2014, kl. 20:45 í sal Lágafellsskóla eftir erindi Vöndu Sigurgeirsdóttur um Vináttuna.

Núverandi stjórn skipa:

Formaður: Óskar Kristjánsson, Ritari: Melkorka Matthíasdóttir, Gjaldkeri: Inga Friðný Sigurðardóttir

Aðrir stjórnarmenn: Sigrún Sigurhjärtardóttir, Þórhallur Jóhannsson, Jón Ólafur Halldórsson

- Þórhallur Jóhannsson var kosinn fundarstjóri fundarins og Melkorka Matthíasdóttir fundarritari

 - Formaður (ÓK) fer yfir stöðuna og fer munnlega með skýrslu stjórnar þ.e. hvernig FFLS hefur byrjað sem fámenn stjórn en fengið hjálp m.a. frá Helgu Margréti við að byggja upp starfið sl. vetur og að fræða bekkjarfulltrúa og stjórnarmeðlimi um hlutverk okkar innan skólans (ekki bara að sjá um bingó heldur líka að hafa rödd) og virkja lýðræðið. Talaði einnig um að skólaráð var þá aftengt stjórn FFLS og til að koma í veg fyrir að slíkt endurtæki sig var sett í lög að fulltrúi úr stjórn FFLS myndi vera í skólaráði.
 - Engar skýrslur nefnda, enda eru nefndir ekki komnar í gang innan skólans.
 - Lagabreytingar ekki lagðar fram fyrir fundinn.
 - Reikningar lagðir fram og klappað til samþykkis.
 - Árgjald félagsins ákveðið að verði sama í ár og undanfarið eða 1500 kr. á heimili.
 - Kosning formanns foreldrafélags, núverandi formaður, Óskar Kristjánsson, bauð sig aftur fram og klappað til samþykkis.
 - Kosning annarra stjórnarmanna:
Núverandi stjórnarmenn buðu sig fram utan Ingu Friðný sem hefur verið í stjórn í 6 ár og bað um að fá að draga sig í hlé og vera varamaður komandi tímabils.
- Nýir stjórnarmeðlimir voru kosnir:
Halldór Jón Björgvinsson,
María Pálsdóttir,
Ólöf Kristín Sívertsen,
Kristín Ásta Ólafsdóttir sendi inn framboð en komst ekki á fund.
Ný stjórn boðin velkomin til starfa með lófaklappi.
- Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga: Jóna Einarsdóttir bauð sig fram og var framboð hennar samþykkt með lófaklappi. Ekki voru fleiri sem buðu sig fram sem skoðunarmenn.
 - Engar skýrslur frá skólaráðsfulltrúa eða svæðisráðsfulltrúa.
 - Þrír buðu sig fram sem fulltrúar í skólaráð úr nýrri stjórn FFLS og þeir voru Ólöf Kristín Sívertsen, Þórhallur Jóhannsson og Sigrún Sigurhjärtardóttir sem varafulltrúi. Klappað til samþykkis.
 - Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 21:40

Fundargerð skrifaði:

Melkorka Matthíasdóttir